



## Fjársafnanir o.fl. vegna sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna 1854-1870

Aðfnr. 1343, ör 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölín og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Boðsbræf.

Þessi er Boðsbræf um ófyrirvara fyrir manna drukknaði til fiskjar einkum frá Reykjavíkur bæ og Seltjarnarnes hrepp, buðu bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar-sýslum eðallyndum mönnum til samskota handa eptirlátnum ekkjum og börnum þeirra fráfullnu. Þessi upphvatning bar einnig svo góða ávexti, að skotid var á stuttum tíma saman meir en 1600 rdl., einkum úr Gullbringu- og Kjósar-sýslu og Reykjavíkur bæ, og var upphæð þessi ekki aðeins nægileg til að breta úr neyð þeirra eptirlátnu munaðarleysingja, heldur urðu afgangs hér um bil 200 rdl., sem fyrir ráðstöfun stiptamannsins voru settir inn í jardabókarsjóðinn. Penningar þessir voru, með vñxtum, sem jafnöðum var bætt við höfuðstólinn, árið 1840 orðnir að upphæð 293 rdl. 56 sk., og var þá með konungs-úrskurði 24. júní 1840 ákveðið, að fór þetta skyldi vera undirstaða fyrir styrktarsjóði handa þurfan di ekkjum og börnum sjómannna, sem drukkna á fiskiveiðum frá Reykjavíkur bæ og Gullbringu- og Kjósar-sýslum, hvar á landinu sem þeir eiga heimili sitt. Jafnframt gaf konungur sjóðnum sjálfur 100 rdl. Með konungs-úrskurði þessum var og samþykkt reglugjörð fyrir sjóðnum, með hverri er ákveðið, að tekjur hans skuli vera vextir af höfuðstólnum, gjásir sem honum kunni að hlutnast, og loksns það sem afgangs kunni að verða af samskotum, sem eptirleidið yrðu gjörð í tilefni af líkum mannskaða og þeim sem varð í aprílmáni. 1830, og að sjóðurinn skuli aukast af tekjum þessum, þángad til safnað er fullum 1000 rdl., þannig að enginn styrkur má veitast af honum, fyr en upphæð þessari er náð, og má aldrei úr því skerða svo höfuðstólinn, að 1000 rdl. verði ekki eptir, hvar á móti verja má til útgaldanna vöxtunum af þessari upphæð og, ef meiru er safnað og sett á vöxtu, þá einnig þeim parti af höfuðstólnum, sem er yfir 1000 rdl., ef þess hykir þörf, þó svo að ætild sè kostað kappsum, að auka sjóðinn svo mikil, sem unnt er, jafnvel eptir að hann hefur náð 1000 rdl. upphæð. Ennsfremur hefir reglugjörðin ákveðið, að stjórnarnefnd skuli vera fyrir sjóðnum, og eiga í nefnd þeirri að vera bæjarfógetinn í Reykjavík, dómkirkjupresturinn, einn af Reykjavíkur bæjarfulltrúnum, sem heir kjósa sjálfur úr flokki sínum, sýslumaðurinn og prósasturinn í Gullbringu- og Kjósar-sýslum, og annar upplýstur maður úr þeirri sýslu, sem amtið út nefnir. Þessari nefnd er falid að ákveða, hverjum eigi að veita styrk úr sjóðnum og hvað mikinn, hvað miklu af tekjunum skuli verja til útgaldanna og hvað mikil skuli setja á vöxtu. Þess má og enn geta, að þó sjóðurinn sé, eins og fyr er sagt, einkum ætlaður til styrktar handa ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna, þá er þó í reglugjörðinni svo fyrir skipað, að ef tekjur sjóðsins hrókkva til, megi einnig veita fátækum fiskimönnum í efannefndum umdænum, sem kunna við áfallandi óhapp að missa í sjóinn skipastól sinn eða veiðarfæri, styrk nokkurn til að útvega sér ný skip, báta eða veiðarfæri.

Sjóður þessi er nú orðinn að upphæð 677 rdl. 90 sk., og á þannig nokkuð lángt eptir að ná þeim 1000 rdl., sem samkvæmt reglugjörðinni eiga að vera til, áður en hann geti farið í verkinu að vinna að augnamiði sínu. Það þarf ekki að skýra fyrir mönnum, hversu gagnlegur þvískur sjóður getur verið fyrir fiskimenn, og hin minnisstæðu og sorglegu dæmi, sem aptur og aptur hafa komið fram og það seinast í fyrra vetur, þar sem að menn hafa að morgni dags róið til fiskjar hér af nesjunum í sæmilegu veðri, en fjöldi af þeim vegna áfslanda ofsviðris aldrei komið að landi aptur, og þar við margar konur orðið ekkjur og mörög börn füðurlaus, hljóta að vekja alvarlegan athuga manna á því, hversu mikil er varið í fyrir fiskimanninn og hversu mikla huggun það getur veitt honum, að hafa vissu um, að eptirlifandi konu og börnum hans muni verða nokkurn veginn borgið, ef hann skyldi verða fyrir sömu forlögum, sem svo opt hafa óvörum fyrirhitt marga góða sjómenn áður. Slíku áfalli má búast við, þegar minnst vonum varir, og oss, sem nú erum stjórnarmenn þess umrædda sjóðs, hefir því þótt ástaða til að vekja athygli manna á því, hve askilegt það væri, ef sjóður þessi geti sem fyrst farið að verka til þess gagns, sem honum er ætlað, og hvort ekki sè tilefni til að skjóta saman til hans í þessu augnamiði, svo hann nái nú þegar að minnsta kosti þeirri ákveðnu 1000 rdl. upphæð. Vér erum fullvissir um, að þessi skoðun vor muni finna góðan róm, ekki einungis hjá fiskimönnum sjálfum í þessum umdænum, sem blýtur að vera mest annt um þetta málefni, og hjá innibúum þeirra annara umdæma, frá hverjum eru á ári hverju sendir hingað menn til sjóróðra og sem eptir áðursögdum njóta góðs af sjóðnum jafnt og hinir, sem bú að sýðra, heldur einnig hjá þeim mörgu óðrum bædi embættismönnum, kaupmönnum og bændum, sem bæði 1830 og síðar hafa sýnt fusan og manukærlegan vilja til að aflætta neyð munaðarleysingja þeirra, sem sjórinn hafði svípt vofeistlega forstöðumönnum sínum.

Vér bjóðum því nú eðallyndum mönnum meðal landa vorra til samskota handa sjöði þessum í því augnamiði, að hann geti sem fyrst orðið að því gagni, sem konungur hefsl tilætlazt með úrskurði 24. júní 1840, og biðjum þá, sem vilja gefa gaum þessari upphvatningu, að rita hér á, hvað mikil þeir vilji gefa, svo og nöfn sín og heimili. Hverr er sjálfráður að gefa svo mikil og lítið til þessarar stiptunar sem vill; allt er tekið með þökkum; en þeir sem hafa efni og vilja til að gefa i meira lagi, þeir gefa margfaldlega, því þeirra gjafir bera ávöxt árlega; sümuleiðis er því þakklátega tekið, vilji sumir heldur loka þessari stiptun árlegum styrk og efna síðan. Þar eð tilgángurinn er að gjafir hér, sem inn koma, verði settar á vöxtu og þeim bætt við höfuðstólinn, er það askilegast að gjafirnar yrðu greiddar í peningum, en engu að síður verður samt eins veitt móttaka því, sem menn kynnu að vilja láta í tæ af föngum sínum og leggja í því skyni inn hjá kaupmönnum hér syðra, og treystir nefndin því að örðru leyti, að þeir sem eru örðrum fremri meðal fiskimanna og, í sveitunum, prestar og hreppstjórar, aðstoði nefndina með því að safna undirskriptum undir boðsbreylinn, taka við gjöfunum og koma þeim á framfæri. Boðsbreylin og gjafirnar eru menn beðnir að senda á sínum tíma til gjaldkera nefndarinnar, sem nú er Cancellíráð, land- og bærarsógeti V. Finsen, og mun síðar verða í dagblöðnum skýrt frá upphæð gjafanna og nöfnum gefendanna, eins og að örðru leyti reikníngur eða skýrla um fjárhag sjóðsins mun framvegis verða árlega auglýstur.

Í stjórnarnefnd sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna úr Reykjavík og Gullbríngu og Kjósar sýslum, 22. dag marzm. 1855.

A. Helgason. A. Baumann. Ó. Pálsson. Sigurður Íngjaldsson. Th. Johnsen. V. Finsen.

Nöfn og stétt gefendanna.	Heimili.	Hverjum gjöfn verður afhent eða hvar innlögð.	Hvað mikil gefið er.

Nöfn og stétt gefendanna.	Heimili.	Hverjum gjöflin verður af-hent eða hvar innlögð.	Hvað mikið gefið er.

Digitized by sifra (www.sifra.is)

Nöfn og stétt gefendanna.	Heimili.	Hverjum gjöflin verður afhent eða hvar innlögð.	Hvað mikið gefið er.

Prentað í prentsmiðju Íslands, hjá E. Þórðarsyni 1855.

Fafnvel þe' eg með þakklatssemi meigi minnast á, og máur  
kjenna, þann stirk sem nír var veittur eint og nauðþreingjandi  
ekki þu, frá ekkiusjóð fatakrar draknaðra fiskimanna í Gull-  
bringusýtu, eftir að maður minn Guðmundur Þógværsson á  
Smárnavelli drakknadi 1864, þá, að þoi kringum stóður min-  
nar eru jvo bágar af eimil armes og heilsuleiti, að eg sér ekki veg  
veg til að fram draga líf mitt og Blæðarna minna, en hest hing-  
að til verið að verðast sveit — fyrst eg hér með i auðmykt  
að fara þess að leit við yður herra Systumáður, að þér af gedið meil  
og meðaumkvæm, vilðuð sterkja að þoi, að eg aptur að nýr græti  
fungið litinn stirk af a'minstum ekkiusjóði, sem kynni að letta  
undir braðustu þers minna

Auðmyktlegast  
Sigríður Þorgeirsdotter

Gjordum þ. 28 febr. 1870

SS

Herra Systumáður H. Clausen /

B368-117

© Borgarsjálasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S.T.

Herrn  
Hilfsmotur  
ff. Glauvin  
of  
Reykjavík

Áðalbjörgjan Sigríður Þorgerðsdóttir á Gerðum  
þá níjog Baystova af Ljósgræðurbóki og fólkulífti, og  
safni með allra unginum afni að skiljan, móttak og undan-  
skrifarum fólkunum því með junnun

Ulfsskólium 1<sup>ta</sup> Marsa 1870

1882 verðbók

D

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ulfararlaung

Vegna þess, at ekkijan Guðrún Þorsteinsdóttir  
á Klöpp - er vart í fyrra vetur fyrir þeim forgaar-  
ðabundi: at missa í fjóinn mann sinn Sigurð Sig-  
urðsson og 1 son þeirra, ásamt skipi og öllu því,  
er heyrði til fjaðaruitvega þeirra og taloverðri  
heimiliðbjörð - er nú mjög baðstóðil at efnahag,  
einsog yður, Velbyrðugi herra Sjólumáður! er  
nokkurnvegin ljört; þá leyfi eg mér (sem fjárr-  
haldsmáður hennar) hérmed lotningarsyllt at  
flýa til yðar með þeiri aðunjuke bón: at yður  
þóknast mætti studda til þess, at nefndri ekki  
veittist stírkun þetta ár vir ekkiussjóði fjoðrukn-  
adra manna i Gullbringus fylsu.

Óttesti frá viðkomandi soknarpresti, framan-  
ritude viðvikjandi, legg eg hér innaní.

Lambastóðum 18. Febrúar 1870.

Aðunjuðkast  
Helgi Helgasöns

S.T.

Herra Sjólumáður Clausen

Blaa - 1870.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Velbyrtusí*

*Herra systumætur Clausen*

*at/*

*Reykjavík*



Ad ekkijan Guðrún Þorsteinsdóttir a' Klópp  
se í mið og lajum Krýningum Þáðum, segna fá-  
tekstar og skulda, vottar heimod, hennan sökku-  
jaustur.

Ulfshánum 20 feb. 1870

W. W. E. S.

B. 100 - 1870

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leggi jeg nýr senn að undanförmu,  
að æskja þér, að hinni heitruðu sjörnar nefnd  
styrktaðsjóðar ekki <sup>barna</sup> og drukknaðra <sup>fiski</sup> menna í  
Kjörar- og Guðbringusýru og Reykjavík, góð-  
finslegað mótti þóknast að veita nýr hafi-  
legan styrk af nefndum sjóði, og lot jeg  
þér getið, að hér minnem' óður til líkis;  
já eru bágborin og þau hafa verið að undanförmu.

Öddgeimba 18. Febrúar 1870.

Audurjúklegaúl.

Gudrún Guðlaugsdóttir

Til

Fiskimannasjóðnum í Gallbs. og Kjörarsýru og Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G. G.

Likhimanna s'jóssins

Hinnar lagt er minn, famtkenemh. Óðin  
en Gunnar Þorgerður Ólafssöntur a' Þorgerði á  
Tækjunnarneði, fum, minn, kunnugt nu, og eng  
þær mið mann sinn, <sup>hvað</sup> fóru I ungnir bænum,  
og á vaxfistum Gáinungstova, en dinsjáklas  
er undir hér frá Gunnar Jóns, at Gunnar  
margi annast, at seplungríktan nái fiskimannus  
þóttum vefs fiskins foyðnum eru nu  
veruleislagr úlita. —

Reykjavík, þann 14 Maí 1870

H. Jonasson,

Óðin  
forritunesfular fiskimannus  
— fiskins







Hjer med leyfi jeg njer einn og æf undanföru,  
æf østekja þeir, æf himni heidruðu stjórnarnefnd og styrktar sjóðar  
erkena og báma drukkennadráttimanna í Kjörar - og Gullbringusýslu  
og Reykjavík, göðfir legast nætti þóknast ad veita  
njer hæfilegan styrk af nefnadum sjöði; og læt jeg þeir  
getið, æf kjör min eru í öllu hilliti jafn baigborin og þau æf  
undanföru hafa verid.

Reykjavík 8. Febrúarmánuðar 1870.

Audmjuðlegast.

Ígrún Guðlaug Óðóttur.

Til

Stjórnarnefndar sjóðs þeir, sem stofnadrar er til styrktar  
mánuðarlánum ekjum og bánum drukkennadráttimanna  
í Kjörar - og Gullbringusýslu og Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Til*

Hjórnarnefndarsjóðs þess sem stofnatur er til  
styrktar munadarlausum eftrijum og þónum  
druckræða fiskimanna í Höfðar - og  
Gullbringusýlu og Reykjavík.

Eg vindur krisjut ekkija eftir Eirík sáls.  
Eiríksson frá Sköldlakoli hér í bænum,  
sem drukknadi vid fiskiveitum 28. Júní  
1867, leggi nér að takja um, að mér  
meigi veitast einhver styrkur af sjóði  
heim, sem aðlagt er til styrkts fálkum  
ekkjum og børnum herra, er drukknat  
hafa í fiskiróðrum hér í umdóminu.

Eg er mjög efralaus og ekki heilusterk,  
en hefi 3 börn a' hendi, von, eru að  
vísu er 16 dra, en parturslakkill, og tveir  
stólkur, sem báðar eru fyrir innan  
færningaráldur. Eg vona fari framur,  
ven kjör núin eru lágarí, að fæssari  
þær minni verdi veitt á heyrn.

Sköldlakoli í Reykjavík, 13. Júníar 1870.

Anna Eirkedóttir.

Til  
Skjörnarnefndar sváðs fers, sem aðlagt er til styrkt-  
an ekkjum og børnum fiskum, meðal hinum <sup>© Borgarsjólasafn Reykjavík</sup> klukkan  
neðri þungu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Boðsbréf.

Eptir mikil mannskáðaveðurinn hinn 6. apríl 1830, í hverju fjöldi manna druknæði, sem róid hafði til fiskjar einkum frá Reykjavíkur bæ og Seltjarnarnes hrepp, buðu bæjarsógetinna í Reykjavík og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar-sýslum eðallyndum mönnum til samskota handa eptirlátnum ekkjum og börnum heirra fráföllnu. Þessi upphvatning bar einnig svo góða ávexti, að skotið var á stuttum tíma saman meir en 1600 rdl., einkum úr Gullbringu - og Kjósar-sýslu og Reykjavíkur bæ, og var upphæð þessi ekki aðeins nægileg til að bæta úr neyd heirra eptirlátnu munaðleysisingja, heldur urðu afgángs hér um bil 200 rdl., sem fyrir ráðstöfun stiptamtmannsins voru settir inn í jarðabókarjóðinn. Peningar þessir voru, með vöxtum, sem jafnöldum var hætt við höfuðstólinn, árið 1840 orðnir að upphæð 293 rdl. 56 sk., og var há með konungs-úrskurði 24. júní 1840 ákvæðið, að sé þetta skyldi vera undirstaða fyrir styrktarsjóði handa þursfandi ekkjum og börnum sjómanna, sem drukkna á fiskiveildum frá Reykjavíkur bæ og Gullbringu- og Kjósar-sýslum, hvar á landinu sem heir eiga heimili sitt. Jafnframt gaf konungur sjóðnum sjálfur 100 rdl. Með konungs-úrskurði þessum var og samþykkt reglugjörð fyrir sjóðinum, með hverri er ákvæðið, að tekjur hans skuli vera vextir af höfuðstólinum, gjafir sem honum kunní að hlötast, og loksns það sem afgángs kunní að verða af samskotum, sem eptirlæðis yrðu gjörd í tilefni af líkum mannskaða og heim sem varð í aprílmáni. 1830, og að sjóðurinn skuli aukast af tekjum þessum, þágað til safnað er fullum 1000 rdl., þannig að enginn styrkur má veitast af honum, fyr en upphæð þessari er náð, og má aldrei úr því skerða svo höfuðstólinn, að 1000 rdl. verði ekki eptir, hvar á móti verja má til útgjaldanna vöxtunum af þessari upphæð og, ef meiru er safnað og sett á vöxtu, há einnig heim parti af höfuðstólinum, sem er yfir 1000 rdl., ef þessi skerða svo að ætlið sé kostað kappsum, að auka sjóðinn svo mikil, sem unnt er, jafnvel eptir að hann hefr náð 1000 rdl. upphæð. Enn fremur hefr reglugjörðin ákvæðið, að stjórnarnefnd skuli vera fyrir sjóðinum, og eiga í nefnd heirri að vera bæjarsógetinna í Reykjavík, dómkirkjupresturinn, einn af Reykjavíkur bæjarfulltrúum, sem heir kjósa sjálfr úr flokki sínum, sýslumaðurinn og prófasturinn í Gullbringu - og Kjósar-sýslum, og annar upplýstur maður úr heirri sýslu, sem amtið út nefnir. Þessari nefnd er falið að ákvæða, hverjum eigi að veita styrk úr sjóðnum og hvað mikinn, hvað miklu af tekjunum skuli verja til útgjaldanna og hvað mikil skuli setja á vöxtu. Þess má og enn geta, að þó sjóðurinn sé, eins og fyrir sagt, einkum ætlaður til styrktar handa ekkjum og börnum druknæðra fiskimanna, há er þó í reglugjörðinni svo fyrir skipað, að ef tekjur sjóðsins hrókkva til, megi einnig veita fátaðum fiskimönnum í ofanfendum umdænum, sem kunna við áfallandi óhapp að missa í sjóinn skipastól sinn eda veiðarfæri, styrk nekkurn til að útvega sér ný skip, báta eða veiðarfæri.

Sjóður þessi er nú orðinn að upphæð 677 rdl. 90 sk., og á þannig nokkuð lángt eptir að ná þeim 1000 rdl., sem samkvæmt reglugjörðinni eiga að vera til, áður en hann geti farið í verkinu að vinna að augnamiði sínu. Það þarf ekki að skýra fyrir mönnum, hversu gagnlegur þvíslkur sjóður getur verið fyrir fiskimenn, og hin minnisstæðu og sorglegu dæmi, sem aptur og aptur hafa komið fram og það seinast í fyrra veturnar, þar sem að menn hafa að morgni dags róið til fiskjar hér af nesjunum í sæmilegu veðri, en fjöldi af þeim vegna áfallanda ofsviðris aldrei komið að landi aptur, og þar við margar konur orðið ekkjur og mörg börn főðurlaus, hljóta að vekja alvarlegan athuga manna á því, hversu mikil er varíð í fyrir fiskimanninn og hversu mikla huggun það getur veitt honum, að hafa vissu um, að eptirlifandi konu og börnum hans muni verða nokkurnveginn borgið, ef hann skyldi verða fyrir sömu forlögum, sem svo opt hafa óvörum fyrirhitt marga góða sjómann aður. Síslíku áfalli má búast við, þegar minnst vonum varir, og oss, sem nú erum stjórnarmenn þess umrædda sjóðs, hefsl því þótt ástæða til að vekja athygli manna á því, hve æskilegt það væri, ef sjóður þessi gæti sem fyrst farið að verka til þess gagns, sem honum er ætlad, og hvort ekki sé tilefni til að skjóta saman til hans í þessu augnamiði, svo hann nái nú þegar að minnsta kosti þeiri ákvæðnu 1000 rdl. upphæð. Vér erum fullvissir um, að þessi skoðun vor muni finna góðan róm, ekki einungis hjá fiskimönnum sjálfbum í þessum umdænum, sem hlýtur að vera mest annat um þetta málefni, og hjá innbúum þeirra annara umdæma, frá hverjum eru á ári hverju sendir híngað menn til sjóróðra og sem eptir áðursögdú njóta góðs af sjóðnum jafnt og hinir, sem búa hér syðra, heldur einnig hjá þeim mörgu óðrum bæði embættismönnum, kaupmönnum og bændum, sem bæði 1830 og síðar hafa sýnt fúsán og mannkærlegan vilja til að aflætta neyd munadarleysingja þeirra, sem sjórinn hafið svipt vofeiflega forstöðumönnum sínum.

Vér bjóðum því nú eðallyndum mönnum meðal landa vorra til samskota handa sjóði þessum í því augnamiði, að hann geti sem fyrst orðið að því gagni, sem konungur hefr tilætlæt með úrskurði 24. júní 1840, og biðjum há, sem vilja gefa gaum þessari upphvatningu, að rita hér á, hvað mikið heir vilji gefa, svo og nöfn sín og heimili. Hverr er sjálfráður að gefa svo mikið og lítið til þessarar stiptunar sem vill; alt er tekið með þökum; en heir sem hafa efni og vilja til að gefa i meira lagi, heir gefa margfaldlega, því þeirra gjafir bera ávöxt árlega; sömuleiðis er því þakklátlega tekið, vilji sumir heldur lofa þessari stiptun árlegum styrk og efna síðan. Þar eð tilgángurinn er að gjafir þær, sem innu koma, verði settar á vöxtu og heim bætt við höfuðstólinn, er það æskilegast að gjafirnar yrðu greiddar í peningum, en engu að síður verður samt eins veitt móttaka því, sem menn kynnu að vilja láta í tē af fögum sínum og leggja í því skyni inn hjá kaupmönnum hér syðra, og treystir nefndin því að öðru leyti, að heir sem eru öðrum fremri meðal fiskimanna og, í sveitunum, prestar og hreppstjórar, aðstoði nefndina með því að safna undirskriptum undir boðsbreyfin, taka við gjöfunum og koma heim á framsfari. Boðsbreyfin og gjafirnar eru menn beðnir að senda á sínum tíma til gjaldkera nefndarinnar, sem nú er Cancellíráð, land- og bæjarfógeti V. Finsen, og mun síðar verða í dagblöðnum skýrt frá upphæð gjafanna og nöfnum gefendanna, eins og að öðru leyti reikníngur eða skýrsla um fjárhag sjóðsins mun framvegis verða árlega auglýstur.

Í stjórnarnesnd sjóðsins handa ekkjum og börnum drukkaðra fiskimanna úr Reykjavík og Gullbringu og Kjósar sýslum, 22. dag marzm. 1855.

*Á. Helgason. A. Baumann. Ó. Pálsson. Sigurður Íngjaldsson. Th. Johnsen. V. Finsen.*

Nöfn og stétt gefendanna.	Heimili.	Hverjum gjöfn verður afhent eða hvar innlögð.	Hvað mikið gefið er.

Nöfn og stétt gefendanna.	Heimili.	Hverjum gjöfn verður af-hent eða hvar innlögð.	Hvað mikil gefið er.

Nöfn og stétt gefendanna.	Heimili.	Hverjum gjöfin verður afhent eða hvar innlögð.	Hvað mikil gefið er.

Prentað í prentsmiðju Íslands, hjá E. Þórðarsyni 1855.